



ALMANNAVARNIR RÍKISINS
NATIONAL CIVIL DEFENCE OF ICELAND

Alþingi

Erindi nr. ~~p~~ 117 / 2030

komudagur 2 / 11 1993

Félagsmálanefnd Alþingis
Alþingi

Dags./Date

Tilvísun/Reference:

01.11.93

GP/LL/005/096

150 REYKJAVÍK

Málefni: Frumvarp til laga um fjáröflun til varna gegn ofanflóðum.
485. mál 116. löggjafarþings.

Ofanflóðanefnd hefur fjallað um ofangreint málefni og sendir hér með eftirfarandi umsögn.

Gildandi lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum leggja megináherslu á öryggi íbúa þeirra byggðarlaga sem búa við hættu af ofanflóðum. Kemur það fram í ákvæðum um eftirlit með snjóalögum og ákvæðum um hættumat og greiðslu kostnaðar við það. Þetta er einnig undirstrikað í greinargerð með lögnum. Ofanflóðanefnd hefur litið á þetta sem forgangsverkefni. Nokkuð er misjafnt hvernig til hefur tekist með þann þátt varna sem snýr að því að koma upp og þjálfra eftirlitsmenn í þeim byggðum sem búa við snjóflóðahættu til að fylgjast með og vara við hættu, en neyðaráætlanir um rýmingu hættusvæða og lokun þeirra eru til staðar í viðkomandi byggðarlögum.

Í annan stað kveða löggin á um gerð varnarvirkja. Varnarvirki auka enn öryggi íbúanna, en eru þó fyrst og fremst til þess fallin að vernda föst mannvirki. Í þessu ljósi ber m.a. að skoða ákvæði gildandi laga um þátttöku sveitarfélaga í gerð varnarvirkja.

Hagrænum afleiðingum af skorti á varnarvirkjum má skipta í tvennt. Í fyrsta lagi er um að ræða tjón á mannvirkjum af völdum ofanflóða. Viðlagatrygging hefur greitt 124.3 m kr. í bætur vegna ofanflóða á árunum 1976-1992, bæði ár meðtalin, eða að jafnaði 7.3 m. kr. á ári, og eru þær upphæðir framreiknaðar til þessa dags. Í öðru lagi verður að reikna með að eignir á hættusvæðum rýrni í verði. Ekki hefur verið gerð nein tilraun til að meta þessa verðrýrnun. Hin síðustu misseri hefur þess orðið vart að eigendur þessara eigna eru að vakna til vitundar um þetta og bera fram spurningar um hvort ekki sé sanngjarnt að þeir fái bætur fyrir verðrýrnunina.

Virki til varnar gegn ofanflóðum eru gjarnan dýr og það dregur úr framkvæmdahraða. Hvorutveggja er að fjármagn sjóðsins er takmarkað og hlutur sveitarfélaga er þeim allþungur og þá sérstaklega hinum smærri. Frumkvæði og ábyrgð á gerð varnarvirkja gegn snjóflóðum er á hendi sveitarfélaganna og telur ofanflóðanefnd eðli málsins samkvæmt að hlutur sveitarfélaganna eigi að vera allnokkur og að vafasamt sé að draga úr honum nema þá í tengslum við endurskoðun laga um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Ofanflóðanefnd er því hins vegar hlynnt að fjármagn ofanflóðasjóðs verði aukið, án þess að afstaða sé tekin til þess með hvaða hætti það verði gert. Þá telur ofanflóðanefnd eðlilegt að viðhald varnarvirkja verði styrkt í framtíðinni.

Virðingarfyllt,

f.h. ofanflóðanefndar


Guðjón Petersen ritari